

REGLUR

um Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri nr. 1630/2022.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri (RLHA) er vísindaleg rannsóknastofnun sem til var stofnað með samstarfssamningi um samstarf milli ríkislögreglustjóra (RLS) og Háskólans á Akureyri (HA), dagsettum 30. desember 2021. Með samningi þessum vilja Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSL), sem starfar innan embættis ríkislögreglustjóra, og HA efla kennslu og rannsóknir í lögreglufræði með því að auka samstarf og gera þessa þætti í starfi stofnananna sýnilegri. Á ensku ber rannsóknasetrið heitið „Institute of Police Science Research at the University of Akureyri“.

2. gr.

Hlutverk.

Meginhlutverk rannsóknasetursins er:

- a) að vera sameiginlegur vettvangur til rannsókna fyrir starfsmenn MSL og HA, svo og annarra löggæslustofnana eftir nánara samkomulagi við þær,
- b) að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í lögreglufræði sem unnar eru við HA, MSL og aðrar löggæslustofnanir,
- c) að styðja við kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í lögreglu- og löggæslufræði aðstoð við rannsóknastörf eftir því sem kostur er,
- d) að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaaðila á sviði lögreglufræði og sterkum tengslum við löggæslustofnanir,
- e) að sinna þjónustuverkefnum í rannsóknum í lögreglu- og löggæslufræði,
- f) að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í lögreglu- og löggæslufræði,
- g) að veita fræðslu og ráðgjöf varðandi málefni tengd lögreglu og löggæslu,
- h) að standa fyrir og stuðla að því að haldin séu málþing og ráðstefnur á sviði lögreglu- og löggæslufræði,
- i) að halda eða stuðla að því að haldin séu námskeið og fyrirlestrar.

Að öðru leyti mótar stjórn rannsóknasetursins starfsemi þess.

3. gr.

Stjórn.

Stjórn RLHA er skipuð sex fulltrúum, þremur frá Háskólanum á Akureyri og þremur frá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu. Þá skipar hvor stofnun einn varamann fyrir sig. Fyrir hönd MSL eiga sæti í stjórn forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu, aðstoðaryfirlögregluþjónn MSL auk starfsmanns MSL. Starfsmaður MSL er skipaður til tveggja ára í senn. Fyrir hönd HA sitja í stjórn forseti Hug- og félagsvísindasviðs HA ásamt tveimur akademískum starfsmönnum sem tilnefndir eru af stjórn Hug- og félagsvísindasviðs til tveggja ára í senn. Stjórn skipar sér formann til eins árs úr hópi stjórnarmanna og skal formennskan skiptast á milli stofnana. Stjórnin mótar stefnu rannsóknasetursins og setur reglur um þá þætti í starfsemi þess sem þurfa þykir á hverjum tíma. Þá sker stjórnin úr um vafamál sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi rannsóknasetursins.

4. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórn RLHA skal reglulega halda sérstaka stjórnarfundi fyrir rannsóknasetrið þar sem málefni þess eru tekin á dagskrá. Stjórnarfundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á misseri. Skylt er að boða stjórnarfund óski tveiri eða fleiri stjórnarmenn þess. Falli atkvæði jöfn á slíkum fundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum. Stjórnin heldur fundargerðir þar sem ákvarðanir hennar skulu skráðar. Fundargerðir skulu staðfestar í lok fundar, en eigi síðar en á næsta fundi á eftir.

5. gr.
Aðstaða.

Háskólinn á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu láta rannsóknasetrinu í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað, í samræmi við ákvæði samstarfssamnings milli stofnananna.

6. gr.
Ráðning starfsfólks.

Starfsfólk Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu, sem gert hefur samkomulag við HA og RLHA og uppfyllir hæfisskilyrði um stöðu háskólakennara, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd við Hug- og félagsvísindasvið HA eða tengjast viðfangsefnum þess, getur sótt um akademískar stöður við RLHA. Stöðurnar eru að lágmarki 20% og eru rannsóknastöður við RLHA. Um umbun fyrir vinnuframlag er samið sérstaklega við þá stofnun þar sem umsækjandi er í aðalstarfi. Akademískir starfsmenn RLHA fá sérstaklega greitt fyrir kennslu við HA samkvæmt launataxta stundakennara. Stjórn ákveður hversu margar stöður eru heimilar við RLHA á hverjum tíma. Stöðurnar eru veittar til fimm ára í senn. Forseti fræðasviðs ræður í stöður við RLHA að fengnu álitu dómnefndar HA, stjórnar Hug- og félagsvísindasviðs HA og stjórnar RLHA. Stöðurnar skulu auglýstar á innra neti viðkomandi stofnana.

Dómnefnd HA metur hæfi umsækjenda um stöður við RLHA samkvæmt þeim reglum sem gilda um ráðningu í akademískar stöður við HA. Dómnefndin ákveður hæfi umsækjenda til þess að gegna stöðu lektors, dósents eða prófessors. Sá sem hlýtur slíkan hæfisdóm skal njóta sambærilegra réttinda og gegna sambærilegum skyldum og lektor, dósent og prófessor, eftir því sem við á, þótt viðkomandi sé ráðinn í aðalstarf við aðra stofnun, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga samkvæmt reglum sem gilda um ráðningu. Um framgang gilda sömu reglur fyrir þessar stöður og gilda um akademíska starfsmenn HA. Að öðru leyti taka réttindi og skyldur mið af gildandi kjarasamningi viðkomandi starfsmanns og reglna Háskólans á Akureyri.

7. gr.
Reglur um akademískar nafnbætur.

Starfsmenn Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu með aðalstarf hjá MSL, sem sinna kennslu og rannsóknnum, eiga rétt á að sækja um mat á hæfi til að hljóta akademíska nafnbót við RLHA í samræmi við gildandi reglur HA. Viðurkenning á akademísku hæfi veitir viðkomandi starfsmanni heimild til að bera þá akademísku nafnbót sem hann er metinn hæfur til í stöðu lektors, dósents eða prófessors. Í því felst einnig að starfsmaðurinn birtir verk sín í nafni MSL og HA. Til þess að formfesta þetta hlutverk gera nafnbótarhafi og RLHA formlegan samning sín á milli um þátttöku í starfi Hug- og félagsvísindasviðs og því akademíska starfi sem nafnbótin veitir. Rektor veitir nafnbætur að fengnu álitu dómnefndar. Akademísk nafnbót er veitt til fimm ára en fellur niður láti starfsmaður af störfum við MSL.

8. gr.
Rannsóknir við Rannsóknasetur í lögreglufræði.

Rannsóknir við RLHA eru vistaðar við Hug- og félagsvísindasvið HA. Vísindagreinir eða annan afrakstur rannsóknanna, svo sem kynningar rannsóknaverkefna og útdráttar á ráðstefnum eða í fjölmiðlum, skal birta í nafni viðkomandi vísindamanns og í nafni HA og MSL. RLHA heldur árlega kynningu á rannsóknaverkefnum sem unnin eru við rannsóknasetrið. Í upphafi hvers árs skulu þeir sem ráðnir eru, eða hafa akademíska nafnbót við RLHA, gera stjórnarsýslu rannsókna við HA grein fyrir áætlunum sínum varðandi rannsóknir og gefa skriflega skýrslu um rannsóknir liðins árs.

9. gr.
Fjármál, fjárhagsáætlun, reikningsár, ársreikningur o.fl.

Tekjur RLHA geta verið:

- a) styrkir til einstakra verkefna,
- b) greiðslur fyrir þjónustu,
- c) tekjur af útgáfustarfsemi,
- d) aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Við rannsóknasetrið er heimilt að starfrækja rannsóknasjóð. Um hann gilda reglur sem stjórn RLHA setur. Reikningshald rannsóknasetursins skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans á Akureyri. Stjórnin ber fjárhagslega ábyrgð á RLHA og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun hvers árs fyrir upphaf nýs starfsárs. Samningar um þjónusturannsóknir þurfa samþykki stjórnar. Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri rannsóknasetursins í samræmi við samkeppnislög.

10. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði 15. desember 2022, eru settar á grundvelli heimildar í 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 15. desember 2022.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.